

**Ed.**

**1024. Frumvarp til laga**

**[337. mál]**

um breyting á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nrd. 67/1969, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1969, orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Landbúnaðarráðherra getur að fenginni umsögn yfirdýralæknis veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.